

# Skýrsla stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða

Ræða Arnars Sigurmundssonar stjórnarformanns á aðalfundi 24. maí 2011

Árið 2010 reyndist mjög viðburðaríkt í starfsemi lífeyrissjóðanna. Afleiðingar banka- og efnahagshrunsins haustið 2008 voru enn að koma fram með tilheyrandi afskriftum í eignasafni sjóðanna. Engu að síður verður að ætla að langstærstur hluti eignarýrnunar af völdum hrunsins og afleiðinga þess hafi komið fram í ársreikningum sjóðanna 2008-2010. Árið 2011 verður því fyrsta árið þar sem áhrifa hrunsins mun gæta mjög lítið í afkomu sjóðanna.

Eftir hrunið stendur gjörbreytt efnahagshagsumhverfi, viðvarandi 7-8% atvinnuleysi, langvinn gjaldeyrishöft og takmarkaðir möguleikar sjóðanna til fjárfestinga. Jákvæðu tíðindin 2010 voru lág verðbólga, styrking krónunnar og umtalsverð vaxtalækkun.

Afleiðingar hrunsins á fjárhag einstaklinga, fyrirtækja ríkissjóðs og sveitarfélaga eru enn að koma fram. Óhjákvæmilegur fylgifiskur þessa er að fólk og fyrirtæki hafa úr minnu úr að spila en áður og skert þjónusta. Því skal samt til haga haldið að enginn er eyland í þessum eignum og það sjáum við birtast í erfiðu efnahagsástandi og miklu atvinnuleysi víða í Evrópu og Bandaríkjunum.

## 2,5% hrein raunávöxtun 2010

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að vegið meðaltal nafnávöxtunar lífeyrissjóðanna hafi verið um 5,1% á árinu 2010 en verðbólga á sama tímabili var 2,6%. Að meðaltali er þetta því um **2,5% hrein raunávöxtun á árinu 2010**. Raunávöxtun sjóðanna 2010 var eðlilega nokkuð misjöfn eftir samsetningu og ávöxtun eignaflokka. Í banka- og efnahagshruninu árið 2008 var raunávöxtun lífeyrissjóða neikvæð um 21,8% en jákvæð um tæplega 0,4% árið 2009. Þetta voru mikil umskipti til hins betra en áhrif hrunsins birtast samt enn í ársreikningum sjóðanna fyrir 2010.

Helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum hækkuðu mikið á liðnu ári eftir miklu dýfu árið 2008. Bandaríska S&P500 hlutabréfavístalan hækkaði um rúm 15% í dollurum og heimsvísitala Morgan Stanley hækkaði um rúm 12% mælt í dollurum. Áhrifin af þessum hækkunum skila sér ekki með sama hætti í eignasafni sjóðanna vegna 11,6% styrkingar á gengi íslensku krónunnar á árinu 2010.

## Stefnir í tvö þúsund milljarða króna heildareignir

**Heildareignir lífeyrissjóðanna voru áætlaðar 1.914 milljarðar króna í árslok 2010 en voru 1.774 milljarðar króna í árslok 2009 og höfðu því aukist um 140 milljarða króna.**

Upplýsingar um þessa 8% aukningu heildareigna sjóðanna og skiptingu þeirra í eignaflokka eru unnar af Seðlabanka Íslands. Þær gefa reyndar ekki frekar en áður rétta mynd af ávöxtun sjóðanna því iðgjaldatekjur eru töluvert hærri en lífeyrisgreiðslur og útgreiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.

Þrátt fyrir áframhaldandi afskriftir og varúðarfærslur skilaði stærstur hluti eigna sjóðanna góðri ávöxtun í fyrra. Samkvæmt nýjustu samantekt Seðlabanka Íslands námu

heildareignir íslensku lífeyrissjóðanna, samtryggingar- og séreignasjóða, samtals 1.965 milljörðum króna í lok mars 2011.

Með sömu þróun á næstu mánuðum munu **heildareignir lífeyrissjóðanna ná tvö þúsund milljörðum króna** þegar kemur fram á haust 2011.

Áætlað er að hreinar eignir íslensku lífeyrissjóðanna hafi numið 125% af vergri landsframleiðslu í árslok 2010. Í árslok 2008 fór hlutfallið niður 112% en komst hæst í 130% í árslok 2007. Árið 1999 var þetta sama hlutfall 82% hér á landi. Eingöngu tvö lönd voru með herra hlutfall eigna lífeyrissjóða í árslok 2010: Holland með 134% og Sviss með 126% af landsframleiðslu.

### Villandi umræða um lögbundna ávöxtun lífeyrissjóða

Til þess að lífeyrissjóðir geti staðið undir lífeyrisskuldbindingum sínum þarf árleg langtímaávöxtun þeirra að nema 3,5% umfram innlenda verðbólgu. Afkoma síðustu fimm ára er langt undir þeirri viðmiðun og munar þar mest um mjög neikvæða afkomu árið 2008. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar sjóðanna 2006-2010 var neikvætt um 2,4% en 10 ára meðaltal árunna 2001-2010 var aftur á móti jákvætt um 1,6%.

Áföllin eftir bankahrunið leiddu til þess að nokkrir lífeyrissjóðir urðu að lækka lífeyrissréttindi og skerða lífeyrisgreiðslur. Þessir sömu sjóðir höfðu aukið réttindi sjóðfélaga umfram hækkun vísitölu þegar ávöxtun var hvað hæst á árunum 2003 til 2006.

**Frá september 2008 hefur vísitala fyrir lífeyrisgreiðslur sjóðanna hækkað um 18% en launavísitala hækkað um tæplega 10% á sama tímabili.**

Umfjöllun um þörfina á 3,5% raunávöxtun lífeyrissjóðanna er á tíðum villandi og oft sett í beint samhengi við raunávöxtun á innlendum skuldabréfum lífeyrissjóðanna. Um er að ræða meðalraunávöxtun og getur ávöxtun ýmist verið meiri eða minni á einstökum eignaflokkum. Engu að síður er ljóst að erfitt getur verið að ná langtíma 3,5% meðalraunávöxtun á eignir sjóðanna. Sveiflur í efnahagslífinu og fjármálakreppur með falli í ávöxtun, samhliða eignarýrnum, dregur niður meðaltalið hvort sem miðað er við 5 eða 10 ár.

### Gjaldeyrishöftin eru mjög hamlandi

Fjármálakreppa og gjaldeyrishöft hafa óhjákvæmilega leitt til mikilla breytinga á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í hverskonar innlánsformum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánnum.

**Í árslok 2010 námu innlendar eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 75% af heildareignum þeirra en erlendar eignir sjóðanna tæpum 25%.**

Í árslok 2009 voru þessi hlutföll 70% í innlendum eignum og 30% í erlendum eignum. Sem fyrr sagði styrktist íslenska krónan gagnvart erlendum gjaldmiðlum um tæp 12% á árinu 2010 og skýrir það að hluta lækkandi hlutfall þeirra í eignasafni sjóðanna. Gjalddeyrishöftin hafa nú þegar mjög hamlandi áhrif á fjárfestingar lífeyrissjóðanna og mjög mikilvægt er að á þeim verði slakað sem allra fyrst.

Í lok maí 2010 tóku 26 lífeyrissjóðir þátt í viðamiklum viðskiptum með kaupum á ríkisstryggðum íbúðabréfum af Seðlabanka Íslands að fjárhæð 88 milljarðar króna. Skuldabréf þessi höfðu verið veðsett seðlabankanum í Luxemborg og voru kaupin liður í því að flýta fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Lífeyrissjóðirnir greiddu fyrir íbúðabréfin í evrum með sölu á erlendum eignum sínum og lauk þessum viðskiptum með lokauppgjöri við Seðlabanka Íslands í desember 2010. Viðskiptin reyndust mjög hagkvæm fyrir sjóðina og bættu tryggingafræðilega stöðu þeirra um 1-2%.

## Samkomulag vegna skuldavanda heimila

Gríðarleg aukning skulda og vanskila einstaklinga og heimila hefur mikið verið til umræðu í þjóðfélaginu allt frá bankahruni, ekki síst í kjölfar þess að lán með gengisviðmiði voru dæmd ólögleg á árinu 2010.

Af hálfu stjórnvalda hafði verið gripið til ýmissa ráðstafana til að bregðast við skuldum og vanskilum en ljóst var að betur mátti ef duga skyldi. Haustið 2010 var boðað til víðtæks samráðs stjórnvalda, fjármálafyrirtækja, Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða um skuldavanda heimilanna. Viðræðum þar að lútandi laukmeð undirritun viljayfirlýsingar 3. desember 2010 og henni fylgdu ýtarlegar verklagsreglur um skilyrði fyrir niðurfellingu skulda.

Það reyndi mjög á samstöðu lífeyrissjóða í þessum viðræðum og tilheyrandi átökum. Lífeyrissjóðirnir starfa eftir lögum og samþykktum þar sem skýrt kemur fram að þeim sé óheimilt að fella niður innheimtanlegar kröfur. Þá voru sjóðirnir oftast betur settir með fasteignatryggingar á sínum útlánnum en bankar og sparissjóðir.

Samkomulagið felur engu að síður í sér útgjöld fyrir lífeyrissjóðina, ef einhver hluti áhvílandi lífeyrissjóðaláns er umfram 110% af verðmæti fasteignar. Slíkt gerðist í nokkrum tilvikum, einkum ef viðkomandi eign hafði fallið verulega í verði og áhvílandi lán voru komin í veruleg vanskil. Þá var einnig samið um breytingar á eldra samkomulagi sömu aðila um sérstaka skuldaaðlögun.

Til þess að gera innihald viljayfirlýsingarninnar víðtækara, og láta það taka til fleiri einstaklinga og heimila, varð einnig að samkomulagi að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir fjármögnuðu sérstaka tímabundna vaxtalækkun á íbúðarlánnum á árunum 2011 og 2012. Heildarfjárhæð þessarar tímabundnu vaxtaniðurgreiðslu var áætluð 6 milljarðar króna árið 2011 og sama fjárhæð árið 2012. Fulltrúar lífeyrissjóðanna lýstu yfir að ekki kæmi til greina að sjóðirnir gætu fallist á að þeirra hlutur í þessari vaxtaniðurgreiðslu yrði innheimtur með sköttum á sjóðina. Þess í stað væri það ætlun sjóðanna fjármagna sinn hluta með hagnaði af viðskiptum í tengslum við fyrstu skref í að aflétta gjaldeyrishöftin og/eða með sambærilegum viðskiptum og sjóðirnir áttu við Seðlabankann fyrir réttu ári.

Þannig stóðu mál eftir viðræður við fjármálaráðuneytið þegar ráðuneytið tilkynntu að það gæti ekki beðið lengur að tryggja fjármögnun þessara útgjalda á þessu ári en búið er nú að greiða út fyrri hlutann á þessu ári, þrjá milljarða króna, og því farið að kalla eftir greiðslum frá fjármálafyrirtækjum og lífeyrissjóðum. Frumvarp þar að lútandi er hluti af svokölluðum bandormi um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem mælt var fyrir á Alþingi í fyrri viku. Þar er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir og fjármálafyrirtæki skipti með sér 3,5 milljörðum króna til greiðslu 1. nóvember 2011.

Lífeyrissjóðirnir hafa ítrekað andstöðu sína við þessa tímabundnu skattheimtu. Sjóðirnir leggja áherslu á að þeir muni standa við sitt og miða við að uppgjör sjóðanna fari fram fyrir 1.

nóvember 2011. Samþykki Alþingi nú á vorþingi ákvæði um tæplega 0,1% skatt af 1.800 milljarða króna heildareignum lífeyrissjóðina verði þau felld niður á haustþingi 2011.

Lítið samráð var haft við lífeyrissjóðina áður en frumvarpið var lagt fram en ríkissjóður hyggst taka á sig 2,5 milljarða króna af þessum 6 milljörðum króna í ár en eftir er að afla tekna fyrir þeim útgjöldum. Þá á eftir að ræða um fjármögnun á þessum 6 milljörðum króna á árinu 2012 og sama gildir um skiptingu útgjalda milli fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða bæði árin. Vonandi mun þessi tímabundna 0,5% vaxtaniðurgreiðsla af íbúðalánum skipta miklu fyrir þá sem hennar njóta.

Seðlabanki Íslands auglýsti í gær að hann hyggðist hefja í dag næsta áfanga í afnámi gjaldeyrishafta með kaupum á aflandskrónum fyrir 15 milljarða króna sem verður greitt fyrir með evrum. Þessu fyrsta útboði mun ljúka 7. júní nk. Þá tekur við næsti fasi þegar lífeyrissjóðir og aðrir eigendur erlends gjaldeyris munu eiga kost á að kaupa aflandskrónur af Seðlabankanum gegn greiðslu í gjaldeyri og fá í staðinn ríkisskuldabréf til 25 ára. Áhugi lífeyrissjóða mun markast af hagkvæmni þessara viðskipta og reynist þau nægilega ábatasöm er viðbúið að nokkur áhugi verði til staðar. Reynist nægur áhugi eigenda aflandskróna að selja er viðbúið að þetta verði eitt af nokkrum útboðum Seðlabankans á næstu mánuðum.

### Víxlverkun örorkubóta og Starfsendurhæfingasjóður

Samhliða viljayfirlýsingu 3. desember sl. var gengið frá samkomulagi lífeyrissjóða og stjórnvalda um að draga úr víxlverkun bóta almannatrygginga, örorkulífeyris lífeyrissjóðanna og hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum. Hefur málið verið unnið áfram í nánu samstarfi lífeyrissjóða, Tryggingastofnunar og velferðarráðuneytis og nú er komið fram stjórnarfrumvarp á Alþingi um þessar fyrirhuguðu breytingar. Þetta mál er búið að vera til umræðu í mörg undanfarin ár í samskiptum lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar og er vonandi að breyting á lögum og starfsreglum geri það gagn sem til er ætlast.

Þá er nú til umfjöllunar á Alþingi frumvarp um að skylda lífeyrissjóði til að hefja greiðslu 0,13% af iðgjaldastofni sínum til Starfsendurhæfingsjóðs frá 1. janúar 2012. Margir atvinnurekendur hafa greitt til sjóðsins í nokkurn tíma með vísan í kjarasamninga en í haust verður það lagaskylda og þá mun ríkið einnig hefja greiðslu 0,13% af launastofni til Starfsendurhæfingsjóðs árið 2013. Lífeyrissjóðirnir hafa lagt áherslu á að greiðslur í Starfsendurhæfingsjóð hafi ekki áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðanna, enda er Starfsendurhæfingsjóði ætlað að grípa snemma með virkum aðgerðum inn í að draga úr greiðslum örorkulífeyris, til lengri tíma litið. Þá er einnig nauðsynlegt fyrir sjóðina að fylgjast náið með árangri af starfsemi Starfsendurhæfingsjóðs, því hér er um mikilvægt verkefni að ræða og miklir fjármunir á ferðinni. Hvorutveggja kallar á skilvirkt eftirlit.

### Nokkuð þokast í viðræðum við skilanefndir

Stöðug og umfangsmikil vinna hefur átt sér stað á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða til að gæta sameiginlegra hagsmuna sjóðanna í öllu því umróti sem fylgdi hruninu og afleiðingum þess. Þetta starf hefur hvílt á mörgum einstaklingum og einnig hafa verið starfandi nokkrir öflugir starfshópar innan LL sem vinna að afmörkuðum verkefnum. Til þess að fylgja málum enn betur eftir hefur verið leitað til lögfræðinga og annarra sérfræðinga innan og utan lífeyrissjóðanna.

Viðræður við skilanefndir föllnu viðskiptabankanna, um stöðu og uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóðanna, hafa staðið yfir með hléum allt frá bankahruni. Ýmislegt varð til þess að teifa þessar viðræður, stundum hefur sést til lands en ýmislegt hefur orðið til þess að ekki hefur tókst viðunandi niðurstaða fyrir lífeyrissjóðina. Fulltrúar sjóðanna lögðu fram sáttaboð í ársbyrjun 2009 og miðuðu uppgjör við hina opinberu gengisvísitölu við fall bankanna í október 2008, 175, og skuldajöfnun með skuldabréfum á bankana samhliða uppgjóri. Í ársreikningum lífeyrissjóða, sem voru með gjaldmiðlavarnasamninga, er gert ráð fyrir uppgjóri með þessum hætti og sama gerir Seðlabanki Íslands í mánaðarlegum yfirlitum sínum um eignastöðu sjóðanna.

Þá hafa sérfræðingar og starfshópur LL unnið skýrslur fyrir lífeyrissjóðina um stöðu gjaldmiðlavarnasamninga eftir fall viðskiptabankanna haustið 2008. Í umfjöllun um þessa samninga, einkum fljótlega eftir bankahrunið, mátti ætla að notkun þeirra væri að nokkru íslenskt fyrirbrigði. Svo er alls ekki og í könnun meðal evrópskra lífeyrissjóða, frá í febrúar sl., kom fram að 80% sjóðanna nota gjaldmiðlavarir til að draga úr gjaldeyrisáhættu.

Nokkuð hefur miðað í viðræðum lífeyrissjóðanna á allra síðustu vikum en þessi mál og uppgjör eru æði flókin og að mörgu að hyggja. Þrátt fyrir að nú kunnist sjást til lands í þessum viðræðum ríkir áfram óvissa um hvort hægt verði að ljúka viðræðum með samningum eða hvort málin endi meira og minna fyrir dómstólum.

### Ríkið sleit viðræðum um fjármögnun vegaf framkvæmda

Fulltrúar lífeyrissjóða tóku þátt í viðræðum við fulltrúa stjórnvalda og ríkisfyrirtækja um fjármögnun framkvæmda í samgöngumálum. Í júlí 2010 voru teknar upp formlegar viðræður við fulltrúa stjórnvalda um sjálfbærar samgönguf framkvæmdir árin 2011-2016 vegna hluta Suðurlandsvegjar, Reykjanesbrautar, Vesturlandsvegjar og vegna Vaðlaheiðarganga. Áætlaður kostnaður við heildarverkið var um 32 milljarðar króna. Gert var ráð fyrir veggjöldum að framkvæmdum loknum og að lán lífeyrissjóða til framkvæmda væru ekki með ríkisábyrgð. Þrátt fyrir marga samningafundi tókst ekki samkomulag um vaxtakjör - grunnvexti - og slitu fulltrúar stjórnvalda viðræðum í byrjun desember 2010. Þá hafði náðst samkomulag um vaxtaálag, sem kom í stað ríkisábyrgðar, og einnig um lánstíma og fleira. Lífeyrissjóðirnir vildu festa niður raunvextina við undirritun samkomulags um fjármögnun framkvæmdanna en fulltrúar ríkisins höfðu því og slitu viðræðum. Þessi viðræðuslit leiddu til þess að hægt hefur á undirbúningi samgönguf framkvæmda að frátöldum Vaðlaheiðargöngum.

Viðræður við fulltrúa stjórnvalda um fjármögnun samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkflugvöll voru langt komnar þegar Reykjavíkurborg hafnaði því að veita nauðsynlegar heimildir til byggingarinnar.

Eftir þessi málalok stendur eingöngu eftir viljayfirlýsing 20 lífeyrissjóða frá 4. nóvember 2009 um fjármögnun bygginga nýs Landspítala. Hvort lífeyrissjóðir komi að fjármögnun nýja spítalans, að hluta eða alveg, kemur fyrst í ljós að loknu útboði verksins í heild.

### Stefnir í að lífeyrissjóðir hasli sé völl í orkugeiranum

Á fundi lífeyrissjóða í lok mars 2011 var samþykkt að kanna hugsanlega aðkomu sjóðanna að eignarhaldi og/eða fjármögnun fyrirhugaðrar Hverahlíðarvirkjunar sem Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið að í nokkur ár. Eftir nokkur samskipti fulltrúa LL og Orkuveitu Reykjavíkur, og síðar Norðuráls, hafa fyrstu skrefið verið stigin. Báðir aðilar samþykktu að taka upp könnunarviðræður og skipuðu viðræðunefndir og lífeyrissjóðirnir hafa einnig myndað bakhóp. Könnunarviðræður hófust formlega í síðustu viku. Sex manna viðræðunefnd lífeyrissjóðanna er undir forystu Sigurbjörns Sigurbjörnssonar, framkvæmdastjóra Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda

Þá hafa lífeyrissjóðir frá síðustu áramótum átt í viðræðum við Magma um kaup á 25% eignarhlut í HS Orku hf. Lífeyrissjóðirnir mynduðu bakhóp og síðan fjögurra manna samninganefnd undir forystu Ólafs Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Stafa lífeyrissjóðs. Viðræður eru komnar á lokastig og áreiðanleikakönnun á verkefninu er nýlukið. Stjórnir lífeyrissjóða, sem hafa komið að málinu, munu á næstu dögum ákveða hvort ráðist verði í þessa fjárfestingu. Verði af viðskiptunum hafa lífeyrissjóðirnir haslað sér völl í orkugeiranum og gert er ráð fyrir að sjóðirnir öðlist kauprétt til þess að auka sinn hlut í HS Orku hf. í þriðjungs hlut samhliða hlutafjárukningu í fyrirtækinu.

Fjárfestingartækifærum lífeyrissjóðanna hefur fækkað mikið innanlands eftir efnahagshrunið og gjaldeyrishöftin koma nær alveg í veg fyrir erlenda fjárfestingu þeirra. Það er því mjög brýnt að sem fyrst verði farið að losa um gjaldeyrishöftin og geta þá sjóðirnir aukið hlutdeild erlendra eigna í heildareignum sínum.

## Framtakssjóður Íslands - stærsta fyrirtækjasamsteypa landsins

Framtakssjóður Íslands slhf. – FSÍ, sem 16 lífeyrissjóðir stofnuðu í desember 2009, réðst á síðastliðinu ári í viðamiklar fjárfestingar með hlutafjárkaupum í nokkrum stórum fyrirtækjum og er sjóðurinn nú orðinn stærsta fyrirtækjasamsteypa landsins. Hlutfé var aukið í FSÍ úr 30 milljörðum króna í tæpa 60 milljarða króna í kjölfar þessara miklu viðskipta sem gengið var frá eftir að niðurstaða Samkeppniseftirlits lá fyrir í janúar 2011. Eftir þessi viðskipti bættist Landsbanki Íslands í hóp stærstu hluthafa í sjóðnum.

Hugmynd að stofnun öflugs fjárfestingasjóðs lífeyrissjóðanna vaknaði í nóvember 2008 og var fljótlega kynnt á vettvangi sjóðanna. Ástand efnahags- og þjóðmála var þá með þeim hætti að ákveðið var að bíða með áformin en haldið var áfram að þroska hugmyndina. Framtakssjóður Íslands var síðan stofnaður í desember 2009 og tók formlega til starfa í ársbyrjun 2010.

Það gustaði nokkuð um starfsemi sjóðsins haustið 2010 eftir tilkynningu um stórfjárfestingar sjóðsins, þegar ákveðið var að kaupa eignarhaldsfélagið Vestia af Landsbankanum og hefja viðræður við fjárfestingarsjóðinn Triton um sölu á verksmiðjurestri Icelandic Group. Reyndar slitnaði síðan upp úr viðræðum við Triton.

Afkoma FSÍ var mjög góð á síðasta ári og endurskipulagning fyrirtækja, sem sjóðurinn hefur fjárfest var í, er í góðum farvegi. Sama gildir um þau fyrirtæki sem eru að fara í sölufarli innan- og utanlands.

Við sem komum mest að stofnun Fjárfestingarsjóðsins gerðum okkur grein fyrir því að miklu skipti að fá öflugt fólk í stjórn félagsins og sama gildi um starfsfólk sjóðsins, enda krefjandi

verkefni við erfiðar aðstæður. Leitað var til Ágústs Einarssonar prófessors um að hann tæki að sér formennsku stjórnar. Ágúst féllst á það og kvaðst líta á þetta sem gríðarlega mikilvægt verkefni sem hann væri tilbúinn að taka að sér fyrstu 2-3 árin eða þar til sjóðurinn hefði sannað mikilvægt gildi sitt og hlutverk í endurreisn íslensks atvinnulífs. Ágúst lítur svo á að sjóðurinn hafi náð þessum áfanga nú þegar. Hann hafði nýlega samband við mig og tilkynnti að hann myndi ekki gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarformennsku á aðalfundi sem fram fer á fimmtudaginn kemur, 26. maí. Þeirri ákvörðun hans varð ekki hnikað. Á þessum tímamótum vil ég nota tækifærið og þakka Ágústi Einarssyni fyrir mjög vel unnin störf í þágu Framtakssjóðs Íslands.

## Úttekt á starfsemi lífeyrissjóða lýkur í haust

Stjórn og varastjórn Landssamtaka lífeyrissjóða samþykktu á fundi sínum 24. júní 2010 að skipa þriggja manna nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra manna til að gera úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Í skýrslu stjórnar og ræðu formanns á aðalfundi LL fyrir réttu ári var rætt um nauðsyn slíkrar úttektar og var þar einnig vísað til skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem þá var nýkomin út. Stjórnin fól ríkissáttasemjara að tilnefna fulltrúa í úttektarnefndina. Nefndin tók til starfa haustið 2010 undir formennsku Hrafns Bragasonar, fyrrverandi hæstaréttardómara. Úttektarnefndin réði starfsfólk og er nú með þrjá menn í fullu starfi að vinna að úttektinni. Upphaflega stóð til að verklok yrðu á fyrstu mánuðum ársins 2011 en framundan er sumarleyfistími og nú stefnir í að úttektarnefndin ljúki störfum með ítarlegri skýrslu á haustmánuðum 2011. Ljóst er að kostnaður við þessa viðamiklu úttekt, sem sjóðirnir greiða fyrir að fullu, mun fara verulega fram úr áætlun og verður því að hluta mætt með tillögu um sérstakt árgjald á sjóðina á árinu 2011.

## Hrafn Magnússon lætur af störfum 1. ágúst 2011

Á stjórnarfundi LL í lok janúar 2011 tilkynnti Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri að hann hygðist láta af störfum núna á miðju ári eftir 36 ára starf fyrir lífeyrissjóðina. Það á við um hann eins og fleiri hér inni að hrun banka- og fjármálakerfisins haustið 2008 setti mörg og margvísleg strík í tilveruna. Hann ætlaði að láta af störfum fyrr en féllst á að fresta því vegna efnahagshrunsins, enda taldi stjórn LL afar mikilvægt að njóta reynslu hans og þekkingar enn um sinn eða þar til hlutir færu að róast eftir umrótinu sem hrundi skapaði. Og nú hefur Hrafn sem sagt ákveðið að komið sé að kaflaskilum.

Stjórn LL samþykkti að auglýsa starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar og bárust alls tæplega 50 umsóknir. Stjórnin samþykkti einróma að ráða Þóreyju Þórðardóttir hæstaréttarlögmann í starf framkvæmdastjóra LL frá 1. ágúst 2011. Þórey hefur mikla reynslu af starfsemi lífeyrissjóða og gengdi lykilstöðu hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins - LSR, í tæpan áratug.

Ég vil nota þetta tækifæri til að bjóða Þóreyju velkoma til starfa en hún hefur frá aprílbyrjun komið að einstökum verkefnum fyrir LL og jafnframt notað tímann til að setja sig inn í önnur. Hún hefur meðal annars komið að námskeiðahaldi fyrir stjórnarmenn í lífeyrissjóðum sem nú eru komin í gang og átt samskipti við nefndir Alþingis vegna umsagna LL um hagsmunamál sjóðanna.

Við erum ekki að kveðja Hrafn Magnússon á þessum fundi, enda mun hann gegna starfi framkvæmdastjóra í ríflega tvo mánuði til viðbótar og hann hefur jafnframt fallist á að verða nýjum framkvæmdastjóra innan handar fyrstu mánuðina eftir skiptin. Engu að síður markar þessi aðalfundur mikil tímamót í starfsævi Hrafns Magnússonar. Starfsemi íslenskra lífeyrissjóða og einstaklingurinn Hrafn Magnússon verða ekki auðveldlega sundurskilin. Hann hefur með dugnaði og ósérhlífni markað söguna í öflugum samstarfi íslenskra lífeyrissjóða um langt árabil. Fyrir það framlag verður seint fullþakkað.

Landsamtök lífeyrissjóða hafa staðið fyrir mörgum fundum og málþingum á starfsárinu um margvísleg málefni er varða starfsemi sjóðanna á ýmsum sviðum. Haldnir voru mjög fjölmennir fundir um skuldamál heimilanna og um sjálfbærar samgönguframkvæmdir, svo dæmi séu tekin. Þá voru starfandi nokkrir verkefna- og starfshópar á vegum LL um ákveðin málefni. Vægi þessara starfshópa eykst sífellt og þarf að festa starfsemi þeirra betur niður í samþykktum Landssamtaka lífeyrissjóða.

Að endingu þakka ég samstjórnarmönnum og starfsfólki LL og öllum þeim sem lagt hafa starfseminni lið fyrir mjög gott samstarf á starfsárinu.

Arnar Sigurmundsson.